

5. fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri þriðjudaginn 17. febrúar 2015.

Sverrir formaður setti fundinn kl 17:15 og setti Steinunni sem framtíðar fundarritara.

Mættir eru Sverrir Möller, Maríus Halldórsson, Ævar Marinósson, Steinunn Halldórsdóttir og Sigríður Ósk Indriðadóttir.

Dagskrá fundar:

1. Fjallskilastjóri
2. Framkvæmdir ársins 2014 og úttekt á þeim
3. Ákveða verkefni næsta árs.
4. Refa og minnka eyðing

Vegna athugasemda sem bárust skrifstofustjóra Langanesbyggðar við uppgjör fjallskila frá síðasta fundi var tekin stutt umfjöllun um athugasemdirnar áður en farið var í áður ákveðna dagskrá.

Tekin fyrir athugasemd frá Reimari á Felli. Hann hafði haft dagsverka skipti við Ágúst Marinó og Halldór Halldórsson.

Marinó í Miðfirði bað um tvö dagsverk í Miðfjarðarheiði.

Landbúnaðarnefnd beinir því til skrifstofustjóra að taka athugasemdunum og leiðréttu fjallaskilauppgjörið samkvæmt þeim.

1. Landbúnaðarnefnd mælir með því að sveitarstjórn leiti til Sigurðar Þórs Guðmundssonar í Holti um stöðu fjallaskilastjóra hjá Langanesbyggð.

1a. Fjallskilamál –almennt. Sverrir formaður leggur það til að landbúnaðarnefnd leiti leiða til þess að gera fjallskilasjóð stöndugan sjóð sem gæti rekið sig sjálfur svo hægt væri að viðhalda réttum, aðhöldum, girðingum og kofum svo eitthvað sé nefnt. Ein leið til þess, væri að leggja þriðjung á landverð jarða samkvæmt fasteignamati. Í 19 gr fjallskilasamþykktar segir „Heimilt er þó að leggja allt að einn þriðja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Ef heimild þessi er notuð skal vera sama álagningarhlutfall á landverð allra jarða, óháð búfjáreign á hverri jörð“ Með þessu móti yrði til grunntekjustofn og viðhald/endurnýjun á réttum, aðhöldum, girðingum og kofum gæti náðst á 10-15 árum.

2. Framkvæmdir 2014. Farið yfir hreyfingalista frá skrifstofustjóra. Stærsta framkvæmdin var fjárrétt í Miðfjarðarnesi einnig var viðhald á heiðargirðingu. 1.000.000 kr var áætluð í byggingu réttarinnar þegar farið var af stað í verkefnið. Kostnaðurinn fór 198.070 kr framúr áætlun. Það má skýra með því að byggðar voru tvær réttir, þar að segja í Miðfjarðarnesi og Miðfirði. Áður hafði verið samþykkt að Langanesbyggð legði fjallskilasjóði til 500.000 kr á hverju ári í fimm ár til framkvæmda. Tók sú samþykkt gildi árið 2014. Leggur því skrifstofustjóri Langanesbyggðar til að teknar verði 200.000 kr af upphæðinni til að jafna út kostnaðinn á byggingu réttarinnar. Landbúnaðarnefnd sættir sig því við að fá aðeins 300.000 kr til viðhalds og verkefna ársins 2015.

3. Ljóst er að það þarf að fara í stórviðhald á heiðargirðingunni sem liggur milli Finnaþar og Hafralónsár. Mikið verk og svæðið erfitt yfirferðar.

Brýn þörf er á fjáraðhaldi á Hrolllaugsstöðum til töku fjár og einnig til að hægt sé að loka þar inni uppgjafar fé.

Þörf er á væng við heiðarsporð í Hvannstaðarlandi milli Þver- og Lónsár.

Þörf er á fjáraðhaldi við Vesturheiðarkofa.

Kamrar við Miðfjarðarheiða – og Vesturheiðakofa.

Landbúnaðarnefnd bendir á að samkvæmt 14 gr fjallskilasamþykktar er landeiganda skylt að láta land undir heimaréttir sé þess þörf. „Skylt er landeiganda að leggja til land undir rétt og/eða geymsluhólf, þó ekki tún eða engi. Valdi byggingin grasnámi eða jarðusla greiðast bætur fyrir“

4. Samningur um refaveiðar 2014-2016 gerður við Umhverfisstofnun. Endurgreiðsla til Langanesbyggðar er 30%. Eftir að farið hafði verið yfir gögn um refa – og minnkaveiðar lagði landbúnaðarnefnd til að fyrirkomulag vegna refa – og minnkaveiða þarfnist endurskoðunar og nánari skýringa.

5. Næsti fundur í landbúnaðarnefnd var ákveðinn 3. mars kl 17:00. Dagskrá næsta fundar verður eftirfarandi:

1. Fjallskilareglugerð og fleiri mál tengd fjallskilum – Sverrir
2. Úttekt á vegum/framkvæmdir/kostnaður frá 2014.
3. Reiðvegir, hvar er þörfin brýnust í sveitarfélaginu – Steinunn
4. Ævari falið að sitja fund fyrir hönd nefndarinnar með sveitartjóra til kynningar á samningi milli UST og Langanesbyggðar
5. Umhverfismál, ónýtar girðingar, ónýtir bílar og vélar – Maríus og Sigríður ósk

Fundi slitið kl 19:00